

Fimmtudaginn 11. desember 2014 kom Menningar- og æskulýðsnefnd saman til fundar. Fundurinn fór fram í gegnum Skype vegna ófærðar. Hófst fundurinn klukkan 21:10

**Mætt voru:** Berglind H. Baldursdóttir, Pálmi Gunnarsson og Marianna Þorgrímsdóttir.

Berglind H. Baldursdóttir ritaði fundargerð.

**1. Fundarsetning:**

- a. Aldursforseti, Marianna Þorgrímsdóttir setti fundinn og stjórnaði kosningu.

**2. Kosningar:**

- a. Fram kom tillaga um Pálma Gunnarsson sem formann nefndarinnar.
  - i. Tillagan var samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum
- b. Fram kom tillaga um Mariönnu Þorgrímsdóttur sem varaformann nefndarinnar.
  - i. Tillagan var samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.
- c. Fram kom tillaga um Berglindi H. Baldursdóttur sem ritara nefndarinnar
  - i. Tillagan var samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum

Nýkjörinn formaður nefndarinnar, Pálmi Gunnarsson þakkaði traustið og tók við stjórn fundarins.

**3. Fjarhagsáætlun ársins 2015:**

- a. Fjallað var um fjárhagsáætlun sveitarstjórnar vegna ársins 2015. Nefndarmenn fóru yfir þá rekstrarliði sem heyrðu undir nefndina og þá fjármuni sem settir verða í menningar-, æskulýðs- og íþróttamál í sveitarfélaginu.

**4. Hlutverk nefndarinnar:**

- a. Rætt var um íbúahátíð ársins 2015 og reynslu af hátíðinni haustið 2014. Marianna fjallaði um hvaða verkefni nefndin hefði séð um undanfarin ár. M.a. greindi nefndarmönnum frá tölvupósti sem hún hefði fengið frá Ingibergi Guðmundssyni, en hann er menningarfulltrúi Atvinnuþróunar SSNV og heldur hann utan um styrkveitingar SSNV.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið klukkan 21:40

---

Berglind H. Baldursdóttir

---

Pálmi Gunnarsson

---

Marianna Þorgrímsdóttir